

Skiplagssvið Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 22. apríl 2024
Tilvísun: K-19284

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði í landi Dallands

Óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði í landi Dallands. Skipulagssvæðið er í suðurhluta Mosfellsbæjar, norðan við Selvatn og fyrir sunnan Nesjavallaveg. Skipulagssvæðið er um 10,5 ha að stærð og er um landspildu að ræða úr landi með eitt landnúmer (L123625). Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til að byggja íbúðarhús, hesthús og reið- eða vélaskemmu. Heildarbyggingamagn innan landspildunnar skal ekki vera meira en 1.500 m².

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu, en vekja athygli á að haft sé sambandi við heilbrigðiseftirlit við frágang á fráveitu og rotþró.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson